



Reykjavík, 18. nóvember 2020

Niðurstaða athugunar á frávikum frá fjárfestingarheimildum hjá Íslandssjóðum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Íslandssjóðum hf. (Íslandssjóðir) í febrúar 2020. Niðurstaða lá fyrir í október 2020.

Markmið athugunarinnar var að kanna tilkynningar Íslandssjóða til Fjármálaeftirlitsins um frávik verðbréfa- og fjárfestingarsjóða frá fjárfestingarheimildum, sbr. 30. - 43. gr. og 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, eins og ákvæðin voru fyrir gildistöku laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Einnig var kannað hvort frávikin hefðu verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan tímamarka, sbr. 43. gr. sömu laga. Enn fremur var könnuð virkni áhættustýringar og hvort eftirlit áhættustýringar með fjárfestingum sjóða væri skilvirkt m.t.t. ákvæða fyrrgreindra laga, reglna og leiðbeinandi tilmæla.

Til að öðlast yfirsýn yfir þá þætti starfseminnar sem voru til athugunar aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna hjá Íslandssjóðum. Þar á meðal voru verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar, áhættustefna, reglur um áhættustýringu og frávikaskýrslur. Farið var yfir verkferla og eftirlitskerfi Íslandssjóða skoðuð. Þá tók Fjármálaeftirlitið viðtöl við starfsmenn áhættustýringar félagsins og sjóðsstjóra hjá Íslandssjóðum um daglegt eftirlit sjóðsstjóra og samskipti þeirra við áhættustýringu. Til að staðreyna hvort öll frávik hefðu komið upp í frávikaskráningu áhættustýringar var tekið úrtak úr færslum þriggja sjóða fyrir tiltekið tímabil og eftir atvikum skoðað hvort Íslandssjóðir hefði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um öll frávik.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var eftirfarandi athugasemd gerð:

- Eftirliti Íslandssjóða með því að sjóðir í rekstri félagsins fylgdu þeim takmörkunum á eignasafni verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem kveðið er á um í 2. og 4. tl. 40. gr. laga nr. 128/2011 var ábótavant.

Framangreind athugasemd Fjármálaeftirlitsins tekur mið af þeirri löggjöf sem var í gildi þegar athugunin fór fram. Sambærilegar kröfur eru gerðar í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að því er varðar fjárfestingarsjóði, en lögin tóku gildi 4. júní sl.

Ekki komu í ljós önnur frávik frá fylgni við fjárfestingarheimildir laga en tilkynnt höfðu verið til Fjármálaeftirlitsins á því tímabili sem var til skoðunar. Þau höfðu öll verið tilkynnt innan tímamarka.